

## **Fundur foreldrafélags Brákarborgar fimmtudaginn 10.október 2013 kl:16.00**

*Mættar : Thelma, Heiða Björk, Linda, Erna, Sólrún, Rannveig, Hrafnhildur, Brynja og Hertha.*

### **1. Skipun foreldrafélags**

- Erna kemur inn sem formaður, Tobba hættir.
- Brynja kemur inn sem nýr gjaldkeri, Aðalheiður hættir
- Thelma heldur áfram sem ritari
- Foreldráðið skipa Birna, Hafdís og Rannveig.

## **Málefni vetrarins**

### **2. Jólasveinar**

- Þeir sveinar sem hafa áður verið hjá okkur eru skemmtilegir og vilji fyrir því að fá þá aftur, Helga hefur verið að reyna ná í þá en enginn árangur enn, hún mun halda áfram að reyna.

### **3. Jólagjafir**

- Bækur í gjöf líkt og í fyrra. Rannveig kíkti aðeins á markaði og ætlar að senda á bókaforlögin og fá tilboð, við verðum svo bara í sambandi með ákvörðun í gegnum tölvupósta.
- Senda þarf út nafnalista v/jólagjafa til að hægt sé að sjá hversu margar bækur þarf að kaupa og eins líka ef um systkini er ræða.

### **4. Peningamál**

- Brynja ætlar að fara yfir stöðu reikninga sem fyrst, bíður eftir gögnum frá fyrrum gjaldkera (Aðalheiði) og fljótlega að fara að huga að því að setja greiðsluseðlana af stað.
- Gjaldið í foreldrafélagið er 5000 kr á barn, 7500 kr fyrir systkini.
- Svínið góða fer aftur upp á vegg, til að sýna foreldrum hvað nákvæmlega peningurinn fer í þegar greitt er fyrir barn í foreldrafélag. Sólrún ætlar að uppfæra svínið.

## 5. Ljósmyndir

- Hugmynd kom upp með að taka hópamyndir og ef til vill einstaklingsmyndir af börnunum.
- Erna og Linda ætla að kanna hver gæti gert það og hversu mikið það kæmi til með að kosta.

## 6. Færni til framtíðar

- Hugmynd um hvort hægt væri að fá Sabinu Steinunni sem sér um fyrirlesturinn *færni til framtíðar* til að koma á leikskólann og halda fyrirlestur fyrir foreldrana gegn vægu gjaldi.
- Upp hefur komið sú hugmynd að jafnvel bjóða öðrum leikskóla að vera með í því þar sem oft erfiðlega gengur að fá marga foreldra til að vera með.
- Ef af þessu verður þá mun vera skráning á námskeiðið og jafnvel borgað fyrirfram.

## 7. Netföng

- Allar voru samþykkar því að leyfa netföngum að birtast á heimasíðu Brákaborgar.

*Ekkert ákveðið með næsta fund, sjáum hvort ekki sé hægt að klára jafnvel framhaldið í gegnum tölvupósta. Fundi slitið 16:45*

Ritari : Thelma